

**Tillaga að mögulegum útfærslum á innanlandsgreiðslumiðlun fyrir  
Kortþjónustuna vegna tilvonandi tilmælum Seðlabankans**

Breyta þarf lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki í samræmi við "Payment Service Directive" tilskipun Evrópusambandsins nr. 2007/64/EC frá 13 nóvember 2007, sem taka á gildi ekki síðar en 1. nóvember 2009 („PSD”).

Skv. 94. gr. tilskipunarinnar skal vera búið að leiða tilskipunina í íslensk lög fyrir 1. nóvember 2009.

Með tilliti annars vegar til sérstakra aðstæðna á íslenskum fjármálamarkaði, sem gera það að verkum að Seðlabankinn sjái sig knúin til þess að loka á alla erlenda greiðslumiðlun á íslenskum kortafærslum, og hins vegar til þess að fulltrúar Seðlabankans hafi tjáð Kortþjónustunni að sú ráðstöfun eigi að hafa sem minnsta röskun á markaðinum, er brýn nauðsyn til þess að ráðist verði í breytingar á lögum án tafar til þess að Fjármálaeftirlitið geti gefið Kortþjónustunni leyfi til innanlandsgreiðslumiðlunar.

Annað hvort þarf að breyta lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki án tafar, (sem hvort sem er þarf að gera fyrir nóvember 2009), til þess að greiðslustofnanir í skilningi PSD, eins og Kortþjónustan, geti fengið starfsleyfi hér á landi. Að öðrum kosti þyrfti að setja samskonar heimild fyrir Fjármálaeftirlitið í sérstaka Reglugerð.

*Tillaga að breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum:*

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. gr. laganna:

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Greiðslustofnun skv. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr.

2.gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

7. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Hlutfé greiðslustofnunnar skal að lágmarki nema 11 milljónum króna<sup>1</sup> en þó aldrei lægri fjárhæð en nemur jafnvirði 125000 evra í íslenskum krónum<sup>2</sup>.

Núverandi 7. mgr. 14. gr. laganna verður að 8. mgr. 14. gr. og orðast svo:  
(breyting – skáletruð)

Óski fjármálafyrirtæki eftir nýju starfsleyfi skal bókfært eigið fé í stað hlutafjár eða stofnfjár ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1.–7. mgr.

Núverandi 8. mgr. 14. gr. laganna verður að 9. mgr. 14. gr. og orðast svo:  
(breyting – skáletruð)

[Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skv. 84. og 85. gr.]<sup>2)</sup> má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1.–7. mgr.

3.gr.

Eftirfarandi breyting verður á 16. gr. laganna:

1. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:  
(breyting – skáletruð)

### 16. gr. Endurskoðunardeild.

Við fjármálafyrirtæki skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Ákvæði þetta nær ekki til verðbréfamiðlana, rafeyrisfyrirtækja og greiðslustofnanna. Stjórn fjármálafyrirtækis skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar fyrirtækisins sem fer með innri endurskoðun í umboði hennar. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi fjármálafyrirtækja og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Fjármálaeftirlitið getur með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrarins, veitt undanþágu frá starfrækslu slíkrar endurskoðunardeildar og sett þeim fyrirtækjum skilyrði sem slíka undanþágu fá.

<sup>1</sup> Sbr. 4. mgr. 14. gr. laganna.

<sup>2</sup> Nú hefur orðið veruleg breyting á gengi íslensku krónunnar síðan að löggin voru sett. En með tilliti til þess að gæta þarf samræmis og jafnræðis í lögum er hér notast við sömu upphæðir og við setningu laganna, þar sem að 4. mgr. 4. gr. kveður á um 125000 evrur eins og PSD gerir hvað varðar greiðslustofnanir.

4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á IV. kafla laganna:

Við IV. kafla laganna bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

1. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

**28. gr. Starfsheimildir greiðslustofnunnar**

**Starfsemi greiðslustofnunnar tekur til greiðslumiðlunar og umsýslu greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, rafeyris, ferðatékka og víxla).**

-----  
Væntanlega þarf að útfæra 28. gr. nánar í samræmi við PSD.

**Starfsheimildir greiðslustofnunnar skv. Payment Service Directive:**

**Article 16**

**Activities**

1. Apart from the provision of payment services listed in the Annex payment institutions shall be entitled to engage in the following activities:

(a) the provision of operational and closely related ancillary services such as ensuring the execution of payment transactions, foreign exchange services, safekeeping activities, and the storage and processing of data;

(b) the operation of payment systems, without prejudice to Article 28;

(c) business activities other than the provision of payment services, having regard to applicable Community and national law.

2. When payment institutions engage in the provision of one or more of the payment services listed in the Annex, they may hold only payment accounts used exclusively for payment transactions. Any funds received by payment institutions from payment service users with a view to the provision of payment services shall not constitute a deposit or other repayable funds within the meaning of Article 5 of Directive 2006/48/EC, or electronic money within the meaning of Article 1(3) of Directive 2000/46/EC.

3. Payment institutions may grant credit related to payment services referred to in points 4, 5 or 7 of the Annex only if the following conditions are met:

- (a) the credit shall be ancillary and granted exclusively in connection with the execution of a payment transaction;
- (b) notwithstanding national rules on providing credit by credit cards, the credit granted in connection with a payment and executed in accordance with Article 10(9) and Article 25 shall be repaid within a short period which shall in no case exceed twelve months;
- (c) such credit shall not be granted from the funds received or held for the purpose of executing a payment transaction; and
- (d) the own funds of the payment institution shall at all times and to the satisfaction of the supervisory authorities be appropriate in view of the overall amount of credit granted.

4. Payment institutions shall not conduct the business of taking deposits or other repayable funds within the meaning of Article 5 of Directive 2006/48/EC.

5. This Directive shall be without prejudice to national measures implementing Directive 87/102/EEC. This Directive shall also be without prejudice to other relevant Community or national legislation regarding conditions for granting credit to consumers not harmonised by this Directive that are in conformity with Community law.

## **ANNEX**

### **PAYMENT SERVICES (DEFINITION 3 IN ARTICLE 4)**

1. Services enabling cash to be placed on a payment account as well as all the operations required for operating a payment account.
2. Services enabling cash withdrawals from a payment account as well as all the operations required for operating a payment account.
3. Execution of payment transactions, including transfers of funds on a payment account with the user's payment service provider or with another payment service provider:
  - execution of direct debits, including one-off direct debits,
  - execution of payment transactions through a payment card or a similar device,
  - execution of credit transfers, including standing orders.
4. Execution of payment transactions where the funds are covered by a credit line for a payment service user:
  - execution of direct debits, including one-off direct debits,
  - execution of payment transactions through a payment card or a similar device,
  - execution of credit transfers, including standing orders.

**5. Issuing and/or acquiring of payment instruments.**

**6. Money remittance.**

**7. Execution of payment transactions where the consent of the payer to execute a payment transaction is given by means of any telecommunication, digital or IT device and the payment is made to the telecommunication, IT system or network operator, acting only as an intermediary between the payment service user and the supplier of the goods and services.**